

TECTONICS

REYKJAVÍK

10 — 12 APRÍL 2014

WWW.TECTONICSFESTIVAL.COM

Efnisskrá
2014

Listrænn stjórnandi **ILAN VOLKOV**



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Dagskrá

TECTONICS 2014

INNSETNINGIN Í NORÐURBRYGGJU ER OPIN ALLA HÁTÍÐINA

FESTIVALBAR

Handhafar Tectonics-passa fá afslátt af völdum drykkjum á Munnhörpunni.

FIMMTUDAGUR 10. APRÍL

18.00 OPIÐ RÝMI - NORÐURBRYGGJA

Opnun innsetningar

Alvin Lucier: Music on a long thin wire

Sett upp af Hauke Harder

19.00 ELDBORG

Hljómsveitartónleikar I

Páll Ivan frá Eiðum: Mirror
Neuron System - Frumflutningur
Valgeir Sigurðsson: Átjánbunduð sjötú og fimm

fyrir hljómsveit og rafhljóð -
Frumflutningur á Íslandi
Cathy Milliken: Earth Plays 1 -
Frumflutningur

Skúli Sverrisson: „Kaldur
Sólargeisli“ fyrir hljómsveit og
rödd - Frumflutningur
Alvin Lucier: Diamonds

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Einsöngvari: Ólóf Arnalds
Stjórnandi: Ilan Volkov

21.00 NORÐURLJÓS

Alvin Lucier I

Opera with objects fyrir flytjendur
með ómandi hluti

Music for Solo Performer
fyrir gríðarlega uppmagnaðar
heilabylgjur og slagverk

Alvin Lucier og Fengjastrútur

22.00 ELDBORG

Grouper

23.00 NORÐURLJÓS

Lemur

Lene Grenager: Moving the Stones
fyrir kvartett

Bjørn Fongaard: Concerto fyrir
kontrabassa og tónband

Salvatore Sciarrino: Canzone

di Ringraziamento fyrir

einleiksflautu

Lene Grenager: Sóló

Hild Sofie Tafjord: Sóló

Bjornar Habbestad, flautur
Hild Sofie Tafjord, horn
Lene Grenage, selló
Michael Duch, kontrabassi

FÖSTUDAGUR 11. APRÍL**18.00 OPIÐ RÝMI –
HÖRPUHORN**

Alvin Lucier II

Gentle Fire
Chambers
(Reykjavík) Memory Space

Fengjastrútur

**19.00 ELDBORG OG
NORÐURLJÓS**

Hljómsveitartónleikar II

*María Huld Markan Sigfúsdóttir:
1001 - for bowed metal -*

Frumflutningur

*Bergrún Snæbjörnsdóttir: Esoteric
Mass -*

Frumflutningur

*David Brynjar Franzson:
Langtímarannsókn #2 -*

Frumflutningur

Lemur: Critical Band -

Frumflutningur

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Lemur

Stjórnandi: Ilan Volkov

21.15 OPIÐ RÝMI

Alvin Lucier II

Endurtekin efnisskrá frá kl. 18.00
Fengjastrútur**22.00 NORÐURLJÓS**

Myndir, mál og hljómar

*angela rawlings: ecbology**Hallveig Ágústsdóttir: kLAnK**Gyða Valtýsdóttir: Touch Done**With Lumps: Spuni*

angela rawlings

Maja Jantar

Hallveig Ágústsdóttir

Gyða Valtýsdóttir

Fritz Welch, trommur, rödd

Neil Davidson, gítar

Ilan Volkov, fiðla

LAUGARDAGUR 12. APRÍL**12.00 – 16.00 KALDALÓN**

Níðingsverk

Rúnar Magnússon: Níðingsverk –
frumflutningur
(hægt að koma og fara að vild)**16.00 OPIÐ RÝMI**

Ungsveitin

Robert Ashley: in memorian ...

Crazy Horse – (sinfónía)

Stephen Montague: In
memoriam Jim Tenney

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar

Íslands ásamt félögum úr S.Í.

og gestum

Stjórnandi: Ilan Volkov

17.00 NORÐURLJÓS

Alvin Lucier III

*Two circles fyrir flautu, klarínnett,**fiðlu, selló og píanó**Music for Piano with One or More**Snare Drums**Nothing is real fyrir píanó,**uppmagnaðan teketil og örlítið**hljóðkerfi*

Alvin Lucier og Tinna

Þorsteinsdóttir

Vespers fyrir flytjendur með

bergmálsmiðunartæki

Félagar úr Sinfóníunni

Alvin Lucier

Tinna Þorsteinsdóttir

Hestbak

18.00 – 21.00 OPIN RÝMI

Asparagus piss raindrop

Trans Poncho in Posse

Neil Davidson, Fritz Welch,

Sigtryggur Berg Sigmarsson,

Julia Schott, Michael Duch

18.30 NORÐURLJÓS

Dumitrescu og Avram

*Iancu Dumitrescu: Utopias for**Iceland -* Frumflutningur*Ana-Maria Avram: Parbelion* fyrir

8 hljóðfæraleikara og tölvuhljóð

– Frumflutningur

Ana-Maria Avram: Nouvel Archæ

fyrir rödd og tölvu

Iancu Dumitrescu: Eruptions fyrir

9 hljóðfæraleikara og tölvuhljóð

– Frumflutningur

Félagar úr Sinfóníuhljómsveit

Íslands

Ana-María Avram

Stjórnandi: Ilan Volkov

21.00 SILFURBERG

Lokátónleikar

*Bjarni Gunnarsson: Verlat**Ghostigital: I am Sitting On A Long**Thin Wire*

fyrir rödd og rafljóðfæri

Ávarp

„ ...öfl úr ólíkum áttum
sem togast á, mynda núning
og skekja ... “



Kæri Tectonics gestur.

Ísland liggur á flekaskilum þar sem Ameríku- og Evrópu- Asíuflekinn reka í sundur. Einkenni flekaskila eru opnar gjár og sprungur, mikill jarðvarmi, sigdalir og eldgos. Á ensku nefnast flekaskilin Tectonics. Á tónlistarhátíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Tectonics, mætast tónlistaröfl úr ólíkum áttum sem togast á, mynda núning og skekja þá hugmynd sem að við höfum af sinfónískri tónlist og starfsemi sinfóníuhljómsveita og kannski engin tilviljun að slík hátíð skuli eiga upptök sín á Íslandi.

Listrænn stjórnandi hátíðarinnar og hugmyndasmiður er aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Ilan Volkov, sem vakið hefur heimsathygli fyrir nálgun sína og flutning á nýrri tónlist. Yfirgripsmikil þekking Ilans á samtímatónlist og listræn sýn hans er áhugaverð og dýrmæt. Þannig hefur Ilan leitt saman til fundar við Sinfóníuhljómsveit Íslands, ung tónskáld og eldri, atvinnumenn í tónlist og áhugamenn,

börn og fullorðna, kennara og nemendur, erlenda gesti og íslenska listamenn úr ólíkum geirum og skapað þannig vettvang fyrir eitthvað nýtt og óvænt, opnað gjár og sprungur og búið til jarðveg fyrir nýtt landslag.

Frá Reykjavík hefur hátíðin ferðast til BBC skosku sinfóníuhljóm-sveitarinnar í Glasgow, Adelaide sinfóníuhljómsveitarinnar í Ástralíu, New York og Tel Aviv og hefur þannig á aðeins þremur árum náð alþjóðlegri útbreiðslu.

Hátíðin er styrkt af Borgarhátíðarsjóði Reykjavíkurborgar og er unnin í samstarfi við Hörpu sem leikur lykilhlutverk á hátíðinni, bæði hefðbundnir tónleikasalir; Eldborg, Norðurljós, Silfurberg og Kaldalón og svo opin rými; anddyri, gangar og aðrir ranghalar.

Það er von okkar að á næstu þremur dögum takist okkur að leysa úr læðingi krafta og sköpunargleði, koma á óvart, vekja upp ólíkar tilfinningar og upplífa saman eitthvað nýtt sem mögulega mótar nýtt landslag í tónlist.

Arna Kristín Einarsdóttir,
framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

LISTRÆNN STJÓRNANDI

Ilan Volkov

Ilan Volkov, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, er listrænn stjórnandi Tectonics. Spurningin sem leiddi Ilan Volkov í þá ferð sem gat af sér fyrstu Tectonics hátíðina í Hörpu 2012 var þessi:

” *Hvernig getur hljómsveit, sem er afsprengi 19. aldarinnar, orðið framsæknari eða róttækari? Er það möguleiki?* “

Markmiðið var síðan að ferðast með hátíðina til ýmissa staða í samvinnu við ólíkar hljómsveitir þar sem heimamenn í tónlist á hverjum stað væru í forgrunni. Síðan þá hefur Ilan Volkov skipulagt samnefndar hátíðir í Glasgow, Adelaide, Tel Aviv og New York. Þessi óvenjulega tónlistarhátíð hefur vakið verðskuldaða alþjóðlega athygli.

Ilan Volkov fæddist í Ísrael árið 1976 og hóf tónlistarnám ungur að árum. Hann varð aðstoðarstjórnandi Northern Sinfonia á Englandi 19 ára gamall og árið 1997 tók hann við samskonar stöðu við hlið Seijis Ozawa við Sinfóníuhljómsveitina í Boston. Hann var valinn aðalstjórnandi skosku BBC-hljómsveitarinnar árið 2003 og var þá yngsti stjórnandinn til að hreppa slíka stöðu við bresku útvarpshljómsveitirnar. Hann stýrði hljómsveitinni meðal annars á Proms- og Edinborgarhátíðunum, og lagði sig fram um að kynna nýja tónlist meðan hann gegndi stöðunni, nú síðast nýjan sellókonsert eftir Unsuk Chin með einleikaranum Alban Gerhardt á Proms-hátíðinni 2009.



Meðal þeirra hljómsveita sem Volkov stýrir reglulega eru Fílharmóníuhljómsveitirnar í Ísrael, München og Rotterdam, Sinfóníuhljómsveitin í Birmingham, Orchestre de Paris og Þjóðarhljómsveitin í Washington. Volkov er einnig mikils metinn óperustjóri, hefur stýrt Lundúnafílharmóníunni í Draumi á Jónsmessunótt eftir Britten á Glyndebourne-hátíðinni, Peter Grimes við Þjóðaróperuna í Washington og Evgéní Ónégin við San Francisco-óperuna.

Volkov hljóðritar fyrir Hyperion-útgáfuna og hlaut Gramophone-verðlaunin 2009 fyrir hljóðritun sína á hljómsveitarverkum Benjamins Britten.

Á nýjstu diskum hans er að finna verk eftir Stravinskíj og Janáček, og hafa þeir einnig hlotið afbragðs viðtökur gagnrýnenda.

Ilan er búsettur í Ísrael og hefur meðal annars stofnað þar tónlistarklúbbinn Levontin 7, þar sem leikin er jöfnum höndum klassísk tónlist, djass, rokk og elektróník.

HEIÐURSGESTUR TECTONICS 2014

Alvin Lucier

Alvin Lucier er að sumu leyti einfari í tónlist vorra tíma. Einstök tónlist hans tengist ekki sérstökum stefnum eða skólum. Hann hefur verið kallaður ljóðskáld raftónlistarinnar en hefur reyndar samið mörg órafmögnum verk, einkum á seinni árum. Tónlist hans er ljóðræn og einlæg, hugleiðslukennd og ristir djúpt í sálarlífi hlustandans ef hann er móttækilegur á annað borð. Þetta skiptir sennilega mestu máli, hæfileikinn til að njóta án þess að velta hlutunum of mikið fyrir sér; Hvernig er þetta verk búið til? Hvaðan koma þessi hljóð? En einmitt það, hvernig tónlist Luciers er flutt eða ættum við að segja „framkvæmd“ er oft og tíðum í hæsta máta óvenjulegt og þar virðist hugvitsemi og tilraunagleði tónskáldsins vera óþrjótandi.

„Ég veit ekki um nokkurt annað tónskáld sem tekst aftur og aftur að skapa slíkt samand milli nakins einfaldleika tónsmíðaáferðarinnar og brjálads ríkidæmis þinnar tónlistarlegu útkomu.“

Matthew Guerrieri

Lucier fæddist árið 1931 í New Hampshire og nam tónlist við Yale og Brandeis. Sem handhafi Fullbrigð-styrks, dvaldi hann um tveggja ára skeið í Róm áður en hann snéri aftur til Brandeis til að kenna og stjórna háskólakórnum. Hann var skipaður prófessor við Wesleyan háskólann árið 1970 þar sem hann starfaði í áratugi.

Árið 1966 stofnaði hann Sonic Arts Union ásamt tónskáldunum Robert Ashley (verk eftir hann verður einnig flutt á Tectonics) David Behrman og Gordan Mumma, og var tónlistarstjóri Viola Farber danshópsins á áttunda áratugnum.

Lucier vakti fyrst verulega athygli fyrir tæplega hálfri öld (árið 1965) með „Music for a Solo Performer“ - verki sem hann mun flytja hér á Tectonics hátíðinni – fyrsta verki tónlistarsögunnar þar sem heilabylgjur voru notaðar til að framkalla hljóð. Þá hafði hann ekki samið neitt í heilt ár – eftir að hafa gert sér grein fyrir því að hann vildi ekki semja tónlist í anda evrópskrar framúrstefnu heldur eitthvað allt annað.

Líffræðilegir þættir gegndu síðan miklu hlutverki í næstu verkum Luciers og hann þróaði „nótnaskrift“ fyrir hreyfingar flytjenda. Hann fór að velta fyrir sér eiginleikum hljómburðarins ... Hvað getur gerst í ferðalagi tóna, hljóða og hljóma í rúmi og tíma?

„I Am Sitting in a Room“ frá árinu 1970 er tímamótaverk í þessu tilliti. Í verkinu les flytjandinn, oft á tíðum Lucier sjálfur, texta úr bók sem hefst á þessum orðum, „I Am Sitting in a Room“. Upplsturinn er tekinn upp og fluttur strax í „herberginu“, tekinn upp enn á ný, og aftur og aftur -



fluttur aftur og aftur þar til öll orð hafa horfið inn í hreinan hljóðmassa. Þetta er sennilega það verk Luciers sem fer næst ljóðlistinni, og kannski það persónulegasta en það getur skoðast sem uppgjör höfundar við stamið sem hefur hrjáð hann lengst af.

Innsetningin „Music on a long thin wire“ frá árinu 1980 - sem við getum hlustað á og skoðað í Hörpu - er ljóðræn hugleiðing um hvernig einn langur, titrandi strengur töfrar fram regnboga ójarðneskra hljóma.

Allt frá árinu 1982 hefur Lucier samið mikið fyrir hefðbundin hljóðfæri, einleiks-

kammer- og hljómsveitarverk. Eitt einkenna þessara verka eru örlítill tónbil hreinna tóna sem mynda nýjar hljóðbylgjur sem spinna sig áfram um rýmið. Hann vill ekki nota neina „brjálaða“ nútímatækni í skrifum sínum fyrir hljóðfæri heldur aðeins hreina tóna og hann kveðst njóta þess að hlusta á tónlist sína á klassískum tónleikum, til að mynda með strengjakvartett sem flytur Mozart, Feldman og Lucier. Samt sem áður lítur hann ekki á sig sem hluta af hinni evrópsku tónlistarhefð. Bandaríska tónskáldið John Cage var kannski stærsti áhrifavaldurinn - en hann kynntist reyndar tónlist hans í Feneyjum.


... Setningin „Ég sit í herbergi“ leiðir annars hugann að hinu hversdagslega í hljóðheimi Luciers. Í munni hans hljómar þetta allt eins og venjuleg dagleg athöfn: „Ég sit í herbergi, því sama og þú ert í núna. Ég tek upp talrödd mína og ég ætla að spila upptökuna aftur og aftur ...“ Það skipir ekki öllu máli hver hljóðgjafinn er, rándýrt hljóðfæri eða ofurvenjulegur nytjahlutur. Hann bendir okkur þannig á lýrikina og fegurðina í daglegu umhverfi okkar. Hugsunin á kannski rætur að rekja til Cage; Við eigum ekki að gera upp á milli hljóðanna. Allt er þetta tónlist eða ekkert ...! „Ópera hlutanna“ er jafn heillandi og Niflungahringurinn, hversdagurinn og hið upphafna - ef okkur tekst að tileinka okkur þá afstöðu til lífsins.

FIMMTUDAGUR 10. APRÍL

DAGUR I
HLÓÐLÁTAR ÞRUMUR

18.00 OPIÐ RÝMI – NORDURBRYGGJA

Opnun innsetningar

*Alvin Lucier: Music on a long thin wire (1977)*

Sett upp af Hauke Harder

Hátíðin hefst á gangsetningu „*Music on a long thin wire*“ innsetningar **Alvins Lucier**. Í þessu verki endurspeglast athuganir Luciers á eðli hljóðsins í „náttúrulegu ferli“. Titillinn útskýrir verkið að mestu; við sjáum langan, þunnan vír sem sveiflast en tónninn, sem við heyrum, er ekki eins djúpur og ætla mætti heldur heyrum við flókna en fingerða hljóma. Þýski eðlisfræðingurinn og tónskáldið Hauke Harder setur verkið upp en það hefur ferðast um heiminn í áratugi.

Dagskrá

FIMMTUDAGUR

10. APRÍL

Hljóðlátar
þrumur

19.00 ELDBORG

Hljómsveitartónleikar I

Páll Ivan frá Eiðum: Mirror Neuron System – Frumflutningur

Valgeir Sigurðsson: Átjánbunduð sjötú og fimm fyrir hljómsveit og rafhljóð
(2013) – Frumflutningur á Íslandi

Cathy Milliken: Earth Plays 1 – Frumflutningur

Skúli Sverrisson: „Kaldur sólargeisli“ við ljóð Guðrúnar Evu Mínervudóttur
fyrir hljómsveit og rödd – Frumflutningur

Alvin Lucier: Diamond fyrir þrjár hljómsveitir (1999)

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Einsöngvari: Ólöf Arnalds

Stjórnandi: Ilan Volkov

Páll Ivan frá Eiðum skiptir hljómsveitinni niður í fimm hópa í verki sínu *Mirror Neuron System*. „Just do it“ er allt sem hann vill segja um þetta verk. Páll Ivan er einn af stofnendum tónsmíðasamtakanna SLÁTURS og hefur komið víða við á sviði tónlistar og myndlistar og ætlar ekki að deyta fyrir en allt hefur verið reynt og fullkomnum skilningi á öllu hefur verið náð.

Verk ***Valgeirs Sigurðssonar, Átjánbunduð sjötú og fimm*** var skrifað fyrir Winnipeg Symphony Orchestra í Kanada sem frumflutti verkið í janúar 2014 á New Music Festival í Winnipeg. Titillinn vísar í árið sem fyrstu íslensku landnemarnir settust að í Gimli í Manitoba, en sá vetur var jafnframt einn sá kaldasti frá því að mælingar hófust.

Valgeir Sigurðsson lagði stund á klassískt gítarnám við Tónskóla Sigursveins í Reykjavík og hélt síðan til náms í upptökutækni í School of Audio Engineering í London, en þaðan útskrifaðist hann með ‘Tonmeister’ gráðu árið 1990. Valgeir hefur síðan starfað sem upptökustjóri, tónskáld og tónlistarmaður auk þess að starfrækja hljóðverið Gróðurhúsið frá árinu 1997. Þá stofnaði hann útgáfuna og félagsskapinn Bedroom Community árið 2006. Þrjár sólóplötur Valgeirs hafa komið út hjá Bedroom Community, *Ekvílibríum* (2007), *Draumalandið* (2010) og *Architecture of Loss* (2012). Tónlist hans hefur verið flutt víða um heim, m.a. af Sinfóníuhljómsveit Íslands, Chiara Quartet, Crash Ensemble, Winnipeg Symphony Orchestra, Avanti Ensemble, BBC Scottish Symphony Orchestra og Britten Sinfonia. Valgeir vinnur um þessar mundir að tónlist fyrir 3 söngvara og kvartett fyrir tónleikhúsverkið *Wide Slumber* sem verður frumflutt á Listahátíð í Reykjavík í maí 2014, og að *No Nights Dark Enough* fyrir City of London Sinfonia fyrir hljómsveit og elektróník.

Dagskrá

FIMMTUDAGUR

10. APRÍL

Hljóðlátar þrumur

Verk **Cathy Milliken**, *Earth Plays 1* verður frumflutt á þessum tónleikum. Þetta er fyrsta verkið í röð fjögurra verka sem fjalla um hljóm, tónlist og orð fólks sem hefur safnast saman á tilteknum stöðum í gegnum aldirnar. Við getum ímyndað okkur að steinarnir hafi geymt öll þessi hljóð.

Earth plays 1 „gerist“ á Þingvöllum og vekur minningar um lestur úr lögbókum, fundum karla, kvenna og hesta. Við hlustum á bjöllur, lúðra, steina ...

Cathy Milliken útskrifaðist sem óbó- og píanóleikari í Ástralíu áður en hún hélt í frekara tónlistarnám í Þýskalandi. Þar lauk hún einnig tónlistarkennaranámi samkvæmt Dalcroze aðferðinni. Hún er einn stofnenda hins víðfræga nútímatónlistarhóps, Ensemble Modern, og hefur unnið með mörgun leiðandi tónskáldum og hljóm sveitarstjórum samtímans eins og Pierre Boulez, Peter Eötvös, Frank Zappa, György Ligeti og Karlheinz Stockhausen. Milliken hefur samið tónlist fyrir leikhús, óperu, útvarp, kvikmyndir og framkvæmt innsetningar. Hún býr í Berlín þar sem hún stýrði um árabíl fræðslustarfi Fílharmóníu-hljóm sveitarinnar. Hún sinnir nú jöfnum höndum skapandi tónlistarkennslu, tónlistarflutningi og sköpun.

Grunnur verksins, *Kaldur sólargeisli* fyrir símfóníuhljóm sveit og rödd liggur í áralöngu samstarfi **Skúla Sverrissonar** og Ólafar Arnalds. Ólöf og Skúli hafa gegnt lykilhlutverki í verkum hvors annars síðastliðinn áratug og hefur samstarf þeirra getið af sér einar 6 hljómplötur. Seríu I, Við og við, Seríu II, Innundir skinni, Seríu III og Sudden Elevation. Skúli og Ólöf hafa bæði notið krafta margra frábærra tónlistarmanna en þetta er í fyrsta skipti sem þeim gefst tækifæri að vinna með Símfóníuhljóm sveiti Íslands. Skúli semur verkið sérstaklega fyrir rödd Ólafar, en allir söngpartarnir eru unnir í nánú samstarfi við hana.

Guðrún Eva Mínervudóttir orti ljóðið en um verkefnið segir hún: „Kaldur sólargeisli er óður til þess að fortíðin kemur blessunarlega aldrei aftur nema í hvíslandi röddum, dofnandi myndum, draumum og skáldskap. Hið liðna er misbrattur og undinn stigi sem gerir okkur kleift að ná nýjum hæðum. Verkið er innblásið af Ólöfu Arnalds, fortíð hennar og framtíð, list hennar, rödd og sýn.“

Verkið er í fjórum þáttum sem hver fyrir sig varpar ýmist skugga eða ljósi á rödd Ólafar og texta Guðrúnar Evu, en ljóðið er rauði þráðurinn í gegnum verkið sem heild. **Ljóðið er að finna á blaðsíðu 29.**

Skúli naut liðsinnis Kjartans Valdimarssonar við útfærslu verksins fyrir hljóm sveitina. Verkið og frumflutningur þess er tileinkaður minningu Guðrúnar Maack, móður Skúla, sem var mikill tónlistarunnandi, en hún hlýddi á sína síðustu tónleika þegar Skúli lék í verki Eyvind Kang og Jessicu Kenney á Tectonicshátíðinni í fyrra.

Dagskrá

FIMMTUDAGUR

10. APRÍL

Hljóðlátar þrumur

Tónskáldið **Skúli Sverrisson** hóf atvinnuferil sem bassaleikari aðeins 14 ára gamall og lék á örfáum árum inn á fjölda vinsælla íslenskra hljómpata áður en hann hélt til náms í Berkley School of Music í Boston, en eftir nám sitt þar fluttist hann til New York. Síðustu tvo áratugi hefur Skúli byggt upp einstakan feril sem samanstendur af tónsmíðum og flutningi á eigin tónlist annars vegar en hins vegar margbreytilegu samstarfi við breiðan hóp alþjóðlegra listamanna. Skúli er m.a. þekktur fyrir upptökur með hljómsveitinni Blonde Redhead og sem tónlistarstjóri hinnar víðfrægu fjöllistakonu Laurie Anderson. Skúli hefur verið flytjandi á yfir 100 upptökum og leikið vítt og breitt um heiminn með fjölbreyttum hópi listamanna. Hann hefur unnið sjö sinnum til Íslensku tónlistarverðlaunanna, t.a.m. plötu ársins (2006) fyrir „Seríu I” og jassplötu ársins (2012) fyrir „The Box Tree”. En hann var einnig tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs árin 2001 og 2011. Skúli er einn af stofnendum menningarmiðstöðvarinnar Mengis á Óðinsgötu sem hóf starfsemi sína í desember 2013 undir listrænni stjórn hans.

Söngkonan og lagahöfundurinn **Ólöf Arnalds** hóf nám á fiðlu átta ára gömul en skipti síðan yfir í klassískan söng þar sem hún lærði hjá Ruth Magnússon. Ólöf lauk BA gráðu í tónsmíðum og nýmiðlum frá Listaháskóla Íslands.

Ólöf hefur komið víða við í listalífinu á Íslandi. T.a.m. lék hún og söng um árabíl með hljómsveitinni Múm og samdi og flutti tónlistina fyrir sýningu Steingríms Eyfjörð á Feneyjartvíæringnum 2007. Á sólóferli sínum hefur Ólöf spilað og sungið vítt og breytt um heiminn og heillað áheyrendur upp úr skónum á mörgum viðkomustöðum í Evrópu, Bandaríkjunum og Ástralíu. Hún hefur hlotið fádæma lof fjölmiðla innanlands sem ytra og fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir lagasmíðar sínar, þ.m.t. tvenn íslensk tónlistarverðlaun og tilnefningu til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Þriðja breiðskífa Ólafar Sudden Elevation kom út snemma á síðasta ári og fékk eins og hinar fyrri frábærar viðtökur ytra, en hún leggur nú hönd á fjórðu breiðskífu sína sem kemur út haustið 2014. Af meðflytjendum Ólafar mætti nefna Kjartan Sveinsson, Davíð Þór Jónsson, Björk, Ragnar Kjartansson auk Skúla Sverrissonar.

Ólöf Arnalds er ein stofnenda Mengis og hefur tekið virkan þátt í uppbyggingu og mótun staðarins allt frá hugmyndastigi.

Alvin Lucier samdi *Diamonds* fyrir þrjár hljómsveitir eða eina þrískipta hljómsveit. Þetta er mjög einfalt á yfirborðinu; einn hljóðfærahópur svífur óendanlega hægt upp og niður meðan annar hópur speglar þetta svíf. Hreyfingar þriggja hópa sem skarast á ýmsa vegu í rúmlega 20 mínútur. Það má líkja þessu við sköpulag demanta sem virðist breytast eftir því hvernig ljósið fellur á þá.

Dagskrá

FIMMTUDAGUR

10. APRÍL

Hljóðlátar
þrumur

21.00 NORÐURLJÓS

Alvin Lucier 1

Opera with objects fyrir flytjendur með ómandi hluti (1997)

Music for Solo Performer fyrir gríðarlega uppmagnaðar heilabylgjur og slagverk (1965)

Tæknileg útfærsla og uppsetning: Hauke Harder

Flytjendur: Alvin Lucier og Fengjastrútur

Opera with Objects eða „**Ópera hlutanna**“ er eitt þeirra verka sem byggja á athugun Luciers á hljómi hversdagslegra hluta. Einn eða fleiri flytjendur banka í einhvern hlut, sem í samspili við aðra hluti leiðir til líflegra tilbrigða í blæ og styrk.

Music for a solo performer eða „**Tónlist fyrir einleikara**“ er hugsanlega eitt magnaðasta (í bókstaflegri merkingu) verk Luciers. Það er fyrir „gríðarlega uppmagnaðar heilabylgjur og slagverk“ sem þýðir að það er heilinn sjálfur sem leikur án aðstoðar „líkamlegra athafna“ á alls kyns slagverkshljóðfæri sem er dreift um tónleikasalinn. „Mér fundust hinar hljóðlátu þrumur alfa-bylgjanna yfirþyrmandi fallegar“ sagði tónskáldið. Áheyrandiinn er sjálfur staddur inni í heilabúi flytjandans og hlustar á tónlist hugans – milliliðalaust. Tónlistin getur tæpast orðið hreinni eða tærari en þetta.

Fengjastrútur er tónlistarhópur sem einbeittir sér að því að flytja verk sem leitast við á einhvern hátt að endurskilgreina tónlistarflutning. Því spila meðlimir bæði á eigin hljóðfæri og ýmislegt annað, eru tilbúnir til líkamlegra aflrauna og leikrænna tilbrigða ef þess þarf. Hópurinn skilgreinir fagmennsku sína og markmið þannig að best sé að teikna sem skýrast þá hugmynd sem er upp á borðinu og fara inn í verkin í staðinn fyrir að láta sníða verkin fyrir hópinn. Hópurinn samanstendur af fjölhæfum hljóðfæraleikurum sem eiga það sameiginlegt að hafa starfað í fleiri en einum tónlistargeira (jafnvel tveim, þrem, fjórum) og koma með það besta úr þeirri margvíslegu reynslu til þess að birta einstakar tónsmíðalegar hugmyndir. Þeir eru á Tectonics 2014: Áki Ásgeirsson, Bergrún Snæbjörnsdóttir, Guðmundur Steinn Gunnarsson, Gunnar Grímsson, Gunnar Karel Mátsson, Hafdís Bjarnadóttir, Hallvarður Ásgeirsson, Ingibjörg Friðriksdóttir, Ingi Garðar Erlendsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir, Þorkell Atlason og Þráinn Hjálmarsson.

Dagskrá

FIMMTUDAGUR
10. APRÍL
 Hljóðlátar
 þrumur

22.15 ELDBORG

Grouper

„Það er til svo margir tónlistarmenn sem við getum skilgreint sem „draumapoppara“ en enginn þeirra hljómar eins og Grouper.“
(Mark Richardson)

Á tónleikum í Eldborg flytur **Liz Harris**, sem gengur undir listamanns nafninu **Grouper**, sína seiðandi tónlist. Tónlist hennar, innhverf og persónuleg, svífur um en kannski ekki í skýjunum heldur fremur djúpt í iðrum jarðar.

23.00 NORÐURLJÓS

Lemur

Lene Grenager: Moving the Stones fyrir kvartett

Bjørn Fongaard: Concerto fyrir kontrabassa og tónband (1976)

Salvatore Sciarrino: Canzone di Ringraziamento fyrir einleiksflautu (1985)

Lene Grenager: Sóló

Hild Sofie Tafjord: Sóló

Bjornar Habbestad, flautur

Hild Sofie Tafjord, horn

Lene Grenager, selló

Michael Duch, kontrabassi

Tvö þessara verka eru spunnin á staðnum af félögum í **Lemur**. Þeir eru í fremstu röð hljóðfæraleikara í Noregi, auk þess sem þeir fást allir við tónsköpun ýmist í skrifuðu formi eða í spuna. Bakgrunnurinn liggur meðal annars í klassískri tónlist, hávaða og frjálsum djassi en útkoman er einatt áhrifamikil og nýstárleg kammertónlist. List þeirra byggist sjaldnast á fyrirfram mótuðum hugmyndum heldur sprettur hún út úr stemmingu augnabliksins. Sagt hefur verið um tónlist þeirra að þar mætist fegurð hins eina (sanna) tóns og þokukennð hljómaský, fingerð lýrik og grófar pensilstrokur stórra hljóðmassa, blæbrigði og óreiða. Lemur hefur ferðast vítt og breitt um Evrópu og Asíu allt frá fyrstu tónleikum sínum í Þrándheimi árið 2006. Hljómdiskar þeirra gefnir út hjá +3db hafa holtið eimróma lof. Þetta eru fyrstu tónleikar þeirra á Íslandi.

„*Moving the Stones*“ er samið fyrir fjóra til tíu flytjendur. Verkið er í fimm þáttum, skrifuðum á hringlaga grafísku formi sem umbreytist rólega frá þætti til þáttar. Þættirnir eru: Air, Tremolo, Extremes, Combinations og Moving the stones.

Dagskrá

FIMMTUDAGUR

10. APRÍL

Hljóðlátar þrumur

Norska tónskáldið og gítarleikarinn **Björn Fongaard** (1919 – 1980) fékkst við merkilegar tónlistarlegar tilraunir en tónlist hans var lítið flutt, bæði í Noregi og annars staðar og svo er raunar enn! Sinfóníuhljómsveit Íslands (og Oslóar-fílharmonían líka) neitaði fyrir um hálfri öld að flytja verk hans á Norrænum músíkdögum. Eftir þau vonbrigði ákvað hann að flytja verk sín fyrst og fremst sjálfur á gítarinn sem hann hafði lengi notað á nýstárlegan hátt. Hann hafði smíðað kvart-tóna gítar og síðar þróaði hann mikró-tóna gítar, hljóðfæri með nánast endalausum möguleikum örlítilla tónbila. Mikrótonarnir liggja til grundvallar rafhljóðunum í fjörutíu og einum konsert fyrir einleikshljóðfæri og tónband, meðal annars í Kontrabassakonsertinum sem Michael Duch flytjur á þessum tónleikum. Eftir því sem næst verður komist er þetta í fyrsta sinn sem tónlist Björn Fongaard hljómar á Íslandi.

Salvatore Sciarrino fæddist á Sikiley árið 1947 og hefur, andstætt Björn Fongaard, notið mikillar frægðar í tónlistarheiminum og eru verk eftir fáa nútímahöfunda jafn mikið og víða fluttir og eftir hann. Sciarrino byrjaði að semja 12 ára gamall og hélt sínu fyrstu opinberu tónleika árið 1962. Hljómur verka hans er einstakur enda er honum oft lýst sem „galdramanni hljóðsins og hljómsins“. Sjálfur segir hann: „Fyrir mér býr tónlistin í dyragættinni, á þröskuldi hins ómeðvitaða. Eins og í draumum þar sem eitthvað er bæði til og ekki til og er líka til sem eitthvað annað...“ Líkt og Fongaard byggir Sciarrino verk sitt Canzone di Ringraziamento á mikrótonum. Hálfóninum er skipt niður í sex til tíu smærri tónbil og þar erum við vissulega á mörkum hins skynjanlega. Þótt þetta geti hljómað sem „glissando“ þá hefur hver einasti örtónn ákveðna fingrasetningu og blæ.

FÖSTUDAGUR 11. APRÍL

DAGUR II

TITRANDI

VÉLMENNAHÚÐIR



18.00 OPIÐ RÝMI

Alvin Lucier II

Gentle Fire (1971)

Chambers (1968)

Gentle Fire

(Reykjavík) Memory Space (1970/2014)

Fengjastrútur

Umbreyting hljóða er viðfangsefni *Gentle Fire*. Texti verksins tilgreinir lýsingar á fjölda hljóða, líkt og ískur í hurðahjörum eða þornandi vötn, sem umbreyta á í ólíkari hljóð líkt og „gangandi köngulær“ eða „steikjandi egg“.

Minning um staðsetningu er viðfangsefni verksins (*Reykjavík*) *Memory Space*, flytjendur verksins mega með ýmsum ráðum skrásetja hljóðminningar frá þeim stað sem er til umfjöllunar en í verkinu má þó ekki heyrast hljóð þaðan, heldur þurfa flytjendur að túlka þá hljóðmynd og minningu um hana. Í þessu tilfelli er staðurinn Reykjavík, en verkið var fyrst flutt í Hartford árið 1970 og bar þá titilinn (Hartford) Memory Space.

Dagskrá

FÖSTUDAGUR

11. APRÍL

Titrandi
vélmennahúðir

Í verkinu *Chambers* leiðir Lucier hugann að ólíkum hljóðrýmum og því hvernig raða megi rýmnum inn í hvort annað. Þessi ólíku rými, sem Lucier telur til, eru allt frá því að vera kuðungar og flöskur yfir í að vera leikhús eða gil.

Fenjgastrútur: sjá bls. 14.

19.00 ELDBORG OG NORÐURLJÓS

Hljómsveitartónleikar II

Elborg

María Huld Markan Sigfúsdóttir: 1001 – for bowed metal – Frumflutningur

Norðurljós

Berggrún Snæbjörnsdóttir: Esoteric Mass fyrir blásara – Frumflutningur

David Brynjar Franzson: Langtímarannsókn #2, fyrir strengi

– Frumflutningur

Eldborg

Lemur: Critical Band – Frumflutningur

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Lemur

Stjórnandi: Ilan Volkov

Sinfóníuhljómsveitin leiðir áhorfendur fram og til baka um Eldborgina og Norðurljós. Öll verkin eru frumflutt á þessum tónleikum. Þeir hefjast í Eldborg með *1001 – for bowed metal* eftir **Maríu Huld Sigfúsdóttur Markan**. „Verkið er samið fyrir boga sem hljóðfæri. Leitast er við að fanga eina stemningu, einskonar kyrralífsmynd sem er á einhvern hátt þyngdarlaus. Í tónverkinu 1001 er reynt að kafa inn í tímaleysi, einfaldleika og andrými.“

María Huld Sigfúsdóttir Markan, fiðluleikari og tónskáld, útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2000 og árið 2007 frá Listaháskóla Íslands með B.A. í tónsmíðum.

Auk þess að sinna tónsmíðum hefur María verið meðlimur í hljómsveitinni amiina til margra ára. María hefur á undanförunum árum unnið í samstarfi við hina ýmsu listamenn og hljómsveitir s.s. Spiritualized, Nordic Affect, London Sinfonietta, Francesco Scavetta, Brice Dessner, Yann Tiersen, Julianna Barwick, Guy Maddin, Aono Jikken Ensemble og Sigur Rós.

Einnig hefur María samið tónlist við kvikmyndir og dansverk og hafa tónsmíðar hennar verið fluttar á Íslandi, í Bandaríkjunum og Evrópu. Af nýlegum verkum má nefna tónlist við kvikmyndir leikstjórans Mike Ott og tónverkin *Sleeping Pendulum* og *Clockworking*, samið fyrir tónlistarhópinn Nordic Affect.

Dagskrá

FÖSTUDAGUR 11. APRÍL

Titrandi
vélmennahúðir

Síðan liggur leiðin inni Norðurljósasalinn þar sem áheyrendur muna njóta tónlistar **Bergrúnar Snæbjörnsdóttur**. Beðin um að fjalla um **Esoteric Mass** skrifaði hún eftirfarandi niður:

$$P_i = P_i^* \frac{V_i}{V}$$

Bergrún Snæbjörnsdóttir er tónskáld/hornleikari frá Reykjavík. Hún hefur stundað tónsmíðar við Listaháskóla Íslands frá 2011 og verk hennar hafa verið flutt af hópum eins og Duo Harpverk, Fengjastrút, Pinquins og fleirum. Undanfarið hafa verk hennar snúist um sameiningu hins hljóðræna og myndræna, oft í gegnum einhverskonar hreyfinótnaskrift. Sem hornleikari hefur Bergrún unnið með mörgum íslenskum hljómsveitum og tónlistarmönnum. Hún er einnig virkur meðlimur í samtökunum S.L.Á.T.U.R. (Samtök listrænt ágengra tónsmíða umhverfis Reykjavík).

Á meðan verk **Davíðs Brynjars Franzsonar** er flutt eru áheyrendur hvattir til að ganga um gólf. Tónskáldið skrifar:

„*Langtímarannsókn #2*, samanstendur af fjölmörgum endurtekningum sem gefa hlustendum færi á að heyra sama hljóðið frá ýmsum sjónarhornum, * ávallt í nýju samhengi. Til að njóta verksins til fullnustu eru áheyrendur hvattir til að ganga hægt og hljóðlega á milli hljóðfæraleikaranna og taka sér stöðu hér og þar á meðan á flutningi verksins stendur.

Ef hlustað er nærri hljóðfæri þá heyrir hljóð þess eitt og sér.

Ef hlustað er úr fjarska heyrir tónlistin ein og sér. Hljóðin falla saman í eina heild.

Ef staða er tekin einhverstaðar mitt á milli þessara tveggja andvígu póla heyrir hljóðið færast um og falla að samhenginu sem það stendur í.

* *Sjónarborn! Tungumálið gengur merkilega mikið út frá binu sjónræna.*

Ekkert orð lýsir sambærilegri upplifun heyrnarinnar.“

Tónlist **Davíðs Brynjars Franzsonar** hefur verið lýst sem „frumlegum hljóðheimi, að hluta til innsetning en aðallega mikil stemning“ (Los Angeles Times) og „grípandi áþreifanlegri“ (New York Times). Í gegnum samstarf við flytjendur eins og Ensemble Adapter, Mivos kvartettinn og Yarn/Wire hefur hann þróað tónmál sem kannar innra samband hljóðs og hljóðfæris og ytra samband hljóðfæris og flytjanda. Verk hans eru prentuð af Schott Music í New York og upptökur eru fánlegar frá WERGO, Innova, Spektral, Smekkleysu, auk Carrier Records sem hann rekur í samstarfi við Sam Pluta of Jeff Snyder. Davíð býr og starfar í New York.

Dagskrá

FÖSTUDAGUR
11. APRÍL
 Titrandi
 vélmennahúðir

Að þessu loknu er haldið aftur yfir í Eldborg þar sem tónleikunum lýkur á verki *Lemurs* „Critical Band“, verki sem er endursamið í hvert sinn sem það er flutt og þar skiptir tónleikastaðurinn öllu máli. Hér er gengið út frá ómi Eldborgarsalarins sjálfs – í samvinnu við Arup, hljómhönnuði salarins – og að sjálfsgöðu möguleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem mun leggja undir sig ýmis rými salarins í þessu mikla rýmisverki. „... Hugmyndir úr tónlistarsögunni, byggingalist og hljómburðarfræði hafa komið við sögu á öllum stigum þessa verkefnis og koma fram í orðaforða, hljómunum, hljóðfærasamsetningu og formi.“ „... Ég held að þetta verk sé miklu fremur tónsmíð fyrir tónlistarmenn sem spila af fingrum fram heldur en saminn spuni“.

Lemur/Critical band er stykt af: Fond for utövende kunstnere, Norsk kulturråd, Norsku-íslensku menningarsamstarfi, Music Norway, Norræna menningarsjóðnum, Kulturkontakt Nord.

22.00 NORÐURLJÓŠ

Myndir, mál og hljómar

angela rawlings: echology
 Hallveig Ágústsdóttir: kLAnK
 Gyða Valtýsdóttir: Touch Done
 With Lumps með Ilan Volkov: Spuni

angela rawlings
 Maja Jantar
 Hallveig Ágústsdóttir
 Gyða Valtýsdóttir
 Fritz Welch, trommur rödd
 Neil Davidson, gítar
 Ilan Volkov, fiðla

echology
 Í tungumálinu eru fornöfn og innbyggt stigveldi liggur þeim til grundvallar. Þetta samband er tekið til skoðunar í verkinu echology — hefð og aðferðir ljóðlistarinnar (lípógrömm, klippitækni, hljóðmiðaðar þýðingar, brottnám) samtvinnaðar með það fyrir augum að takmarkanir, endurvinnsla og endurnýting tungumálsins ýti undir grænar áherslur.

angela rawlings (Kanada/Ísland/BNA)

Vistfræði sem lýtur að heyrn og hljóðskynjun, kortlagning á svig við hefðbundna kortlagningu og vistfagurfræði skáldskapar veitir innsýn

Dagskrá

FÖSTUDAGUR 11. APRÍL

Titrandi vélmennahúðir

í sköpunarferli angelu. Hún hlaut Chalmers Arts Fellowship-styrkinn (Kanada, 2009) og var staðarskáld í Arts Queensland (Ástralía, 2012). Áfall/Trauma var tilnefnt til Leslie Scalapino frumkvöðlaverðlauna kvenleikritaskálda árið 2013. Gibber – safn hljóða og myndljóða sem unnin voru upp úr lífkerfum Ástralíu birtist í rafrænni útgáfu árið 2012. Frumraunin, Wide slumber for lepidopterists hlaut Alcuin verðlaunin fyrir hönnun. Sviðsaðlögun VaVaVoom, Bedroom Community og Valgeirs Sigurðssonar á ljóðabókinni er í burðarliðnum. rawlings hneigist til samstarfs og hefur ástríðufullan áhuga á spuna. Hún vinnur gjarnan með Maju Jantar og Matt Ceolin. Um þessar mundir skrifar angela lífbrettó fyrir óperuna Longitude í samstarfi við Davíð Brynjar Franzson og listamenn sem starfa við nýja miðla, þá Davyde Wachell og Halldór Arnar Úlfarsson. Annað lífbrettó, Bodiless, sem hún samdi fyrir tónskáldið Gabrielle Herbst var nýlega frumflutt í Roulette í Brooklyn, New York, BNA.

Touch done

„Það er fátæklegt minni sem aðeins virkar afturábak“ segir Hvíta drottning úr spegli Lewis Carrolls.

Stjarna á himninum er löngu horfinn draugur, fingrafar í ljósárafjarlægð
Við erum frumur á fingraförum jarðarinnar séðar úr ljósárum framtíðar

Hver snerting skapar framtíð sem er úthverf fortíð sömu snertingar

Minning er séð sem gegnheill raunveruleiki, framtíð loftkennd

Hver snerting skapar spíral

hann gengur í báðar áttir

Þú getur klífrar eða látið þig fellur

kLAnK

FRÁ GRAFÍSKRI NÓTNASKRIFT AÐ HLJÓÐMYND
– PERFORMANCE

Verk Hallveigar eru tærar hugleiðingar yfir hljóð og mynd sem byggja á grafískri nótnaskrift, form sem byrjaði að koma fram á 6. áratugnum í verkum tónskálda eins og John Cage, Earle Brown og Morton Feldman. Hver teikning verður að nýju tónverki en á sama tíma skapar tónverki teikninguna. Hin spunakennda samvinna milli listamannsins, tölvunnar og tónlistarmannsins skapar umhverfi þar sem hljóð og mynd sameinast og stýra hvert öðru. Niðurstaðan verður ákveðinn vitnisburður; teikning / videoverk sem fangar látbragð teiknunarinnar, laglínu og hryns.

(Roeland Nieuwborg © 2013)

Dagskrá

FÖSTUDAGUR

11. APRÍL

Titrandi vélmennahúðir

Hallveig Ágústsdóttir er sjón- og performanslistamaður sem búsett er í Belgíu þar sem hún hlaut menntun sína í myndlist. Hún stundaði framhaldsnám á Bretlandi og lauk doktorsgráðu í tónvísindum frá Brunel listaháskólanum í Lundúnum árið 2013.

Með því að nota samspil tónlistar og hljóða í sjónverkum sínum hefur Hallveig í gegnum árin kannað margvíslega miðla svo sem málalartist, ljósmyndun, video og performans auk þess að skapa sín eigin tónverk. Undanfarið hefur Hallveig einbeitt sér að því að nýta sér teikningu sem miðil með sérstakri áherslu á lifandi flutning – hreyfingarnar, látbragðið og hljóðin sem listamaðurinn framkallar við það að gera teikninguna. Með því að magna upp hljóðin sem myndast við að teikna með snertihljóðnemum og með því að tengja það við videomynd leitast hún við að túlka eiginleika hljóðs og myndar bæði hvort í sínu lagi sem og í samspili. Verk Hallveigar hafa verið sýnd og flutt á Íslandi, Belgíu, Hollandi, Bretlandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum og Japan.

Hið kekkjótta „**With Lumps**“ er spunadúó Fritz Welch og Neil Davidson, sem spilar af brengluðu sónísku raunsæi á titrandi vélmennahúðir, bæði myglaðar og teygjanlegar. Önnur verkefni þeirra félagu eru Peeesseye, Asparagus Piss Raindrop, Muris, Glasgow Improvisers Orchestra, Yoke of Blood og FvRTvR. Neil (gítar) er frá landamærahéruðunum og Fritz (trommur, hlutir, rödd) er frá Texas. Þeir búa í Glasgow.“

Maja Jantar er fjöltyngd og marghljóma raddlistamaður sem býr í Ghent í Belgíu. Hún vinnur jöfnum höndum með gjörninga, óperur, ljóðlist og myndlist. Sem meðstofnandi Krikri hópsins hefur hún komið fram ein og með öðrum í hópnum um alla Evrópu og gert tilraunir með ljóðræn hljóðverk síðan 1995. Á þessari öld hefur Jantar leikstýrt meira en 10 óperum, þeirra á meðal meistaraverki Monteverdis, Krýningu Poppeu og Infinito Nero eftir samtímatónskáldið Sciarrino. Hún leikstýrði Óp-hópnum á Íslandi í Hans og Grétu sem var frumsýnd í Salnum nú í mars. Jantar kemur reglulega fram með belgíska ljóðskáldinu Vincent Tholomé og með hinni kanadíska Angelu Rawlings.

LAUGARDAGUR 12. APRÍL

DAGUR III

EKKERT ER RAUNVERULEGT



12.00 – 16.00 KALDALÓN

Rúnar Magnússon: Niðingsverk – Frumflutningur

Dagurinn hefst í Kaldalóni á *Niðingsverki* Rúnars Magnússonar sem skrifar: „Þetta verk sprettur upp úr ólgandi reiði. Þetta er gargandi illska sem vellur úr iðrum mér. Verk sem gefur mynd af því hvernig hugur minn fyllist af hávaða þegar ég heyrir af spillingu, lygum og þjófsháttum stjórnsamra niðinga.“

Þetta er fjögurra klukkustunda verk og ekki er ætlunin að áheyrendur sitji kyrrir í salnum allan þann tíma - þótt það sé að sjálfsgöðu leyfilegt heldur geta menn komið og farið að eigin geðþótta.

Rúnar býr og starfar í Kaupmannahöfn. Hann er með mastersgráðu í raftónsmíðum frá Konunglega tónlistarháskólanum í Árósum. Rúnar hefur flutt tónlist víða, m.a. farið í lengri tónleikaferðir um Asíu og Norður Ameríku. Með innblástur frá náttúru og nærumhverfi, hugleiðslu og hávaða skapar Rúnar hljóðheima sem bæði hræða og hugga þolinmóða hlustendur. Rúnar hefur unnið tónlist fyrir fjölda leik- og dansverka í Danmörku síðustu 15 árin. Hann er einn stofnendum útgáfunnar Hljóðakletta sem gefið hefur út tilraunakennda raftónlist og myndlist.

Dagskrá

LAUGARDAGUR
12. APRÍL
 Ekkert er
 raunverulegt

16.00 OPIN RÝMI

Ungsveitin

Robert Ashley: in memoriam ... Crazy Horse – (sinfónía) (1963)

Stephen Montague: In memoriam Jim Tenney (2006)

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands ásamt félögum úr S.Í. og gestum

Stjórnandi: Ilan Volkov

Geðþóttinn og frelsi flytjandans koma við sögu á tónleikum **Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitarinnar** sem kemur nú í fyrsta sinn fram á Tectonics. Í tónverki **Roberts Ashley**, in Memoriam ... Crazy Horse eru „nótturnar“ einungis talnatákn sem er raðað í stóra hringi og ýmis önnur tákn standa fyrir ómblítt/ómstrítt, lágvært/hávært og þar fram eftir götunum. Hljóðfæraleikararnir, sem leika á blásturs- og strengjahljóðfæri, velja sjálf tónana eða hljóðin sem þeir framkalla, ýmist í andstöðu eða sátt við aðra flytjendur. „... að lokum er vert að muna að það gengur þvert á tilgang flutningsins að gera ítarlega áætlun ...“ Verkið er tileinkað indjánaforingjanum Crazy Horse, sem þrátt nafnið boðaði alla tíð hógværð og lítillæti. Tónverk Stephen Montague, In Memoriam Jim Tenney, byggir einnig á frelsi flytjenda til eigin ákvarðana. Þar eru eingöngu settar fram hugmyndir í orðum sem flytjendur túlka að vild og „... lengd tónverksins er frjáls. Flytjendur skulu dreifast um rýmið að handahófi.“

Robert Ashley (1930 – 2014) var frumkvöðull í bandarískri tónlist á sama hátt og Ives, Cowell og Cage.

Hann er þekktastur fyrir óperur sínar og af ýmsum talinn eitt merkasta óperutónskáld 20. aldar. Meðal ópera hans er „Perfect lives“ (1980) sem var upprunalega samin fyrir sjónvarp en hefur síðan verið sviðsett víða um heim. Ashley lagði mikla áherslu á samvinnu og taldi hið venjubundna pýramída-skipulag tónlistarlífsins gamaldags og úrelt. Hann vildi virkja ímyndunarafl flytjenda til þess að skapa verk sem byggja á samanlögðu hugarflugi þeirra. Í þessu anda er minningarverk hans um Crazy Horse samið.

Robert Ashley lést þann 3. mars síðastliðinn.

Stephen Montague er fæddur í Bandaríkjunum árið 1943 en hefur búið í London síðan 1974 þar sem hann starfar sem tónskáld, píanóleikari og stjórnandi. Verk hans hafa verið flutt um allan heim af flytjendum á borð við Sinfóníuhljómsveit BBC, Hilliard sönghópnum og Pacifica kvartettinum – með Sigurbjörn Bernharðsson innanborðs. En Montague hefur líka samið fyrir óhefðbundna hópa og hljóðfæri – eins og Konsert fyrir bílflautur og bílahljómsveit, Konsert fyrir átta vélhjóll, málmblásturshljóðfæri og slagverk, svo dæmi séu tekin.

Dagskrá

LAUGARDAGUR

12. APRÍL

Ekkert er
raunverulegt

17.00 NORÐURLJÓŠ

Alvin Lucier III

Two circles fyrir flautu, klarínnett, fiðlu, selló og píanó og rafhljóð (2012)

Félagar úr S.Í.

Music for Piano with One or More Snare Drums (1992)

Nothing is real (Strawberry Field) fyrir píanó, uppmagnaðan teketil og örlítið hljóðkerfi (1990)

Tinna Þorsteinsdóttir, píanó

Alvin Lucier, teketill

Vespers fyrir flytjendur með bergmálsmiðunartæki (1968)

Hestbak

Á þessum síðustu portrett-tónleikum **Alvins Lucier** flytja félagar úr S.Í. kvintettinn *Two circles*. Hljóðfæraskipan er sú sama og í hundrað ára gömlu tímamótaverki Arnolds Schönberg, Pierrot Lunaire. Það er kannski tilviljun enda vill Lucier ekki tengja sig við evrópska framúrstefnu, hvorki gamla né nýja. Síðan leikur Tinna Þorsteinsdóttir tvö píanóverk. Í *Music for Piano with One or More Snare Drums* taka nokkrar sneriltrommur þátt – nokkuð sem gerist einstaka sinnum fyrir slysi þegar gleymist að slaka á gormunum - en hér eru „undirtektir“ þeirra að sjálfsgöðu hluti tónverksins. *Nothing is real* er í raun og veru dúett píanósins, Steinway flygilsins, ímynd hins fullkomna, háþróaða hljóðfæris og hins hversdagslega hlutar, teketilsins. Það má lýsa þessu svo að tónum sé hellt í ketilinn og síðan úr honum aftur. Einhvers staðar í bakgrunninum hljómar svo hið alkunna Bítlalag „*Strawberry Fields Forever*“. Í *Vespers* kanna flytjendur rýmið með litlum bergmálsmiðunartækjum: Hvar eru veggirnir? Hvernig er þessi salur í laginu? Hvernig endurkastast hljóðin? Hvernig rekast þau hvert á annað?

Tinna Þorsteinsdóttir er með víðtæka reynslu á sviði nýrrar tónlistar og hefur frumflutt um 50 píanóverk sem samin hafa verið fyrir hana síðastliðin ár. Á Myrkum músíkdögum 2005 hélt hún einleikstónleika þar sem öll dagskráin var frumflutt, aðrir slíkir tónleikar fylgdu í kjölfarið á Listahátíð í Reykjavík 2007 og þeir þriðju á Myrkum músíkdögum 2012. Helstu einleikstónleikar hennar hafa verið á Listahátíðinni í Bergen 2006 í seríunni Unge talenter, Autunno Musicale festival í Capua á Ítalíu, Nordischer Klang festival í Greifswald í Þýskalandi, Foundling Museum í London, The Chinese University í Hong Kong, GL Strand museum í Kaupmannahöfn, Summit Club í Beijing, Norrænu sendiráðunum í Berlín og Raflost - raflistahátíð í Reykjavík. Hún hefur einnig komið fram á Messiaen tónlistarhátíðinni í Stavanger, Bang on a Can maraþoninu í San Francisco og á Heimssýningunni - Expo 2010 í Shanghai.

Dagskrá

LAUGARDAGUR

12. APRÍL

Ekkert er
raunverulegt

Hestbak var stofnað árið 2003. Hljómsveitin hefur gefið út plöturnar *Gratín* (2004), *Mjólk* (2005) og *Airwaves* (2007). Hestbak hefur haldið tónleika í Reykjavík, á Seyðisfirði, í Súrlaukalandi, Bjarnamýri og Nýju Jórvík. Sveitin leikur framstefnda tónlist og leitar innflæðis úr ýmsum áttum. Meðlimir hljómsveitarinnar eru allir virkir í tónlistarlífi Reykjavíkur sem og í alþjóðlegum tónverkefnum.

18.00 – 21.00 OPIN RÝMI

Asparagus piss raindrop

Trans Poncho in Posse

Neil Davidson, Fritz Welch, Sigtryggur Berg Sigmarsson, Julia Schott og Michael Duch

Á mínúttunni sex hefst þriggja tíma gjörningur **Asparagus Piss Raindrop**, sem hefur hlotið nafnið „*Trans Poncho in Poss*“, í opnum rýmum Hörpu. Hápunktar þessarar dagskrár eru klukkan sex og hálf níu. Upprunalegar hugleiðingar félaganna í Arparagus Piss Raindrop um sjálfa sig og verkið má finna á ensku á heimasíðu Tectonics en hér er gerð afar lausbeisluð tilraun til að þýða þann texta án nokkurrar ábyrgðar. „Asparagus Piss Raindrop er dulmögnað, hugmyndafræðileg vísindaskáldsögu andhljómsveit sem sprettur úr hinni eilíflega stækkandi samsuðu spunalistamannsins, tónskáldsins og flytjandans. Svarta metal-jóga tónverk þeirra, „*Dream Within a Dream: last night we died in a plane crash*“ var flutt á Tectonics í Glasgow í fyrra og lagði undir sig ýmsa hluta ráðhússins í Glasgow, samtímis, samfleytt og hræðilega. Nýja verkið þeirra er sýklatónsmíð fyrir örgjörvark og uppmagnaða kirtla sem mun bræða saman flytjendur og snertipunkta í vélanda Hörpu og kæfa bygginguna í erótískum „tour de farsa“.“

18.30 NORÐURLJÓS

Dumitrescu og Avram

Iancu Dumitrescu: Utopias for Iceland – Frumflutningur

Ana-Maria Avram: Parhelion fyrir 8 hljóðfæraleikara og tölvuhljóð – Frumflutningur

Ana-Maria Avram: Nouvel Archae fyrir rödd og tölvu

Iancu Dumitrescu: Eruptions for 9 hljóðfæraleikara og tölvuhljóð – Frumflutningur

Félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands

Ana-Maria Avram

Stjórnandi: Ilan Volkov

Ana-Maria Avram er tónskáld, píanóleikari og stjórnandi, fædd í Búkarest, Rúmeníu árið 1961. Hún nam við tónlistarháskólann í Búkarest og lauk doktorsprófi í fagurfræði tónlistar frá Sorbonne í París árið 1995. Höfundur yfir 200 tónverka telst Avram vera einn merkasti fulltrúi sinnar kynslóðar í hinu frjósama tónlistarlífi Rúmeníu. Hún hefur verið félagi í Hyperion Ensemble frá árinu 1988 og er nú stjórnandi hópans ásamt Iancu Dumitrescu. Hyperion er hópur tónskálda og flytjenda sem hafa beint nýrri tilraunakenndri tónlist inn í Rúmenskt tónlistarlíf. Avram semur jöfnum höndum raf- og tölvutónlist og tónlist fyrir hefðbundin hljóðfæri. Tónlist hennar getur talist „spectral“ jafnvel „ofur-spectral“. („Spectral-skólinn“ á uppruna sinn í Frakklandi á áttunda áratug síðustu aldar og byggir meðal annars á nýjum athugunum á hljóðrófi – eða yfirtónaróð – tónsins).

„Meðal allra núlifandi tónskálda er *Dumitrescu* sá sem hefur gengið langt í því að splundra hljóðinu. Tónlist hans er ekki nýr vafningur í „hnúti“ nútímatónlistarinnar, heldur miklu fremur léttir af henni bölvun. Eitt fyrsta verk hans sem ég heyrði var „Pierres Sacrées“. Ég var sleginn – eins og margir aðrir, af hljómi þessarar tónlistar, bjöguninni, hávaðanum og ofbeldinu.“ Tim Hodgkinson/Resonance, London

Iancu Dumitrescu (f. 1944) lauk meistaraprófi í tónsmíðum frá Tónlistarháskólanum í Búkarest en hann lagði einnig stund á nám í heimspeki og hljómsveitarstjórn. Sem ungur maður varð hann tákn fyrir byltingakennða tónlist í Rúmeníu og harða baráttu gegn íshaldssamri menningarstefnu stjórnvalda. Fyrstu „þroskuðu“ verk hans eru samin í byrjun sjöunda áratugarins. Árið 1976 stofnaði hann Hyperion Ensemble, sem varð fljótt leiðandi í tilraunakenndri tónlist í Rúmeníu og víðar. Dumitrescu er meðal helstu fulltrúa „spectralismans“ í tónlist nútímans og mjög áberandi í nýrri tónlist á heimsvísu, bæði sem tónskáld og túlkandi.

21.00 SILFURBERG

Lokatónleikar

Bjarni Gunnarsson: Verlat - Frumflutningur

Ghostigital: I Am Sitting On A Long Thin Wire fyrir rödd og rafhljóðfæri - Frumflutningur / Einar Örn Benediksson og Curver Thoroddsen

Verlat er 22 mínútna rafverk samið árið 2014 fyrir 8 rása umhverfi. Verkið er samið fyrir hóp hljóðferla og er samband þeirra það sem myndar efnivið tónlistarinnar. Ferlin birtast í mismunandi stöðum og aðstæðum þar sem vettvangur þeirra og umfang breytist með tíma. Samband

Dagskrá

LAUGARDAGUR

12. APRÍL

Ekkert er raunverulegt

Þessara stöðupunkta, breytingar á hegðun þeirra og sá tími sem hver tekur myndar grunn verksins sem byggist á breytingum. Hugsanlega er það hvernig hlutir breytast sem gefur okkur tilfinningu fyrir tíma. Að öll þróun sé spurning um ferli, virkni og hegðun breytinga. Við eigum erfitt með að skilgreina hvað við erum en auðvelt með að segja hvað það er sem við gerum. Samspilið milli breytinga og hegðunar var það sem hafði djúp áhrif á þróun verksins.”

Bjarni Gunnarsson er raftónlistarmaður sem hefur starfað hér heima og erlendis allt frá lokum tíunda áratugarins. Bjarni hefur gefið út tónlist sína á útgáfum svo sem Vertical Form, Thule, Uni:form, Spezial Material, Trachanik, Lamadameavevelechien, Shipwrec og 3LEAVES. Hann hefur flutt tónlist sína víðsvegar um Evrópu auk þess að hafa unnið með mikið með fjölrása verk og rými til dæmis WFS kerfum í Den Haag (192 rásir) og Berlín (832 rásir), BEAST kerfinu í Birmingham (allt að 100 rása), GRM í París auk nýlegra fjögurra og átta rása verkefna. Bjarni lærði raftónlist og tónsmíðar í CCMIX París og lauk nýlega mastersprófi frá Sónólógiunni í Den Haag.

I Am Sitting On A Long Thin Wire: Ghostigital notar verk Alvins Lucier sem útgangspunkt fyrir sérsaminn hljóðheim fyrir rödd og rafhljóðfæri.

Í rúmlega áratug hefur **Ghostigital** heillað, hrellt og hrist upp í íslensku tónlistarlífi með afdráttarlausri og uppátækjasamri tónlist sinni. Ghostigital er samstarfsverkefni þeirra Einars Arnar Benediktssonar og Curvers Thoroddsen og hefur oft verið lýst sem ástandi frekar en hljómsveit. Ghostigital hefur komið víða við en tónlist þeirra einkennist að mestu af elektrónískri hljóðmyndun og sérkennilegum textum og rödd Einars Arnar. Sveitin hefur samhliða dægurtónlist sinni staðið fyrir mikilli tilraunastarfsemi m.a. spiluðu þeir 10 klukkutíma langa multimediatengda tónleika í Listasafni Reykjavíkur árið 2004, 4 klukkutíma langa spunatónleika á Vetrarhátíð 2005 og 3 klukkutíma hljóðverk sem var einungis heyrnlegt með hjálp sérgerða útvarpstækja með Finnboga Péturssyni á Listahátíð í Reykjavík árið 2007. Plötur Ghostigital spanna allt rófið frá sérstökum samstarfsverkum, leikhústónlist til hefðbundinna stúdíóplatna oftar en ekki með góðum gestum úr jaðartónlist innanborðs svo sem David Byrne, Alan Vega, Mark E. Smith, Björk, Sensational, Dälek, Damon Albarn, Bob Log III, King Buzzo, Ásgerði Júníusdóttur og Skúla Sverrissyni.

Kaldur sólargeisli

Alltaf þegar sumarið slokknar hugsa ég um þig
 Alltaf þegar sumarið kveður
 Alltaf þegar sumarið kemur ekki
 Alltaf þegar sumarið kemur
 Alltaf þegar það kviknar
 Alltaf þegar það segir mér að láta mig dreyma

Alltaf þegar missirinn skekur jörðina
 og tekur jörðina undan mér
 hugsa ég um þig
 sagðirðu mér að ég yrði að leyfa tímanum að líða
 Alltaf þegar landið hallar
 og ökutækin strita
 Alltaf þegar ég sit í köldum bíl í myrkri
 Alltaf þegar venjan tekur við af hveljunni
 þá kemurðu:

Kaldur sólargeisli
 inn á stofugólf(ið)
 vefur sig um hrygginn
 Snerta mig dofnir fingur
 þess sem áður var

Komdu (þá) með (alla) ljóskastarana
 rafgeymanana
 súrheysturnana
 (komdu með) (öllum) fyrnindin
 Komdu með eitrið

Farðu höndum um mig þótt ég brenni
 Settu mig brennandi í fossinn svo ég slokkni

Ó, blíði tregi

Gömul vinkona ráðlagði mér
 að segja honum aldrei
 frá því sem gerðist áður

Þungi sögunnar vofir yfir
 Leyniskytturnar í Zagreb sitja um okkur
 Herforingjarnir í Chile
 Brúnaþungir framsóknarmenn

Alltaf þegar ég set upp sólgleraugun
 og fylgi þér til grafar
 fylgir hann mér

Alltaf þegar ég misstíg mig á háu hælunum
 en held samt jafnvægi
 Alltaf þegar ég syng sálmana
 Alltaf þegar ég syng fylgir hann mér

Sýndu þig sól
 Farðu hátt á loft
 Snúðu þér í hring
 Opnaðu mér leið að stærðinni
 og við munum sá fræjum framtíðarsigranna

Ég heyri þig hugsa
 Gleymdu því ekki
 Ég veit hvað þig dreymir
 Ég veit hvaða lækur rennur um vitund þína
 Ég veit hvernig hann lífgar á langri göngu

Horfðu í gegnum vegginn
 Sjáðu mig
 Þú ert sá sem lyftir mér hingað yfir
 Þú ert allir menn sem ég hef elskað
 Þú ert faðir minna uppkomnu barna

Sýndu þig sól
 Farðu hátt á loft
 Snúðu þér í hring
 Opnaðu mér leið að stærðinni
 og við munum sá fræjum framtíðarsigranna

Alltaf á þessum stað í skóginum
 hugsa ég til þín
 Alltaf þegar ég hleyp þessa mjóu skógargötu
 yfir hvíslandi sprænurnar
 ert þú heymóður úlfur
 á hælum mér
 uppgefinn á hlaupunum

Handan við hæðina
 bíður hún
 Þú ert komin
 segir hún
 og þegar hún segir það
 veit ég að það er satt

Ég trúi því
 trúi ég
 trúi ég því

Hátíð

Ilan Volkov
listrænn stjórnandi

Arna Kristín Einarsdóttir
framkvæmdastjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir
tónleikastjóri

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri

Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri

Una Eyþórsdóttir
mannauðsstjóri

Margrét Sigurðsson
fjármálafulltrúi

Kristbjörg Clausen
nótnevörður

Þórunn Vala Valdímarsdóttir
nótnaumsjón

Greipur Gríslason
verkefnastjóri

Kolbeinn Bjarnason
verkefnisstjóri Tectonics

Róbert Steingrímsson
Kristinn Brynjar Pálsson
Tæknistjórn

Árni F. Sigurðsson
Róbert Steingrímsson
Teitur Sigurðsson.
hljóðmenn

Sighór J. Guðmundsson
Örn Eldjárn Kristjánsson
Árni Gunnar Eyþórsson
Bergur Geirsson
Þjörgvin Ploder
Einar Rúnarsson
Eyþór Árnason
Guðmundur Erlingsson
sviðsmenn

Rainer Eisenbraun
Máni Kjartansson
lýsing

Texti: Kolbeinn Bjarnason

Þakkir fyrir stuðninginn



Reykjavíkurborg



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



ALBA | CHRUTHACHAIL



Sinfóníubljómsveit Íslands

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
 Una Sveinbjarnardóttir
 Pálína Árnadóttir
 Andrzej Kleina
 Júlíana Elín Kjartansdóttir
 Mark Reedman
 Laufey Jensdóttir
 Ágústa María Jónsdóttir
 Rósa Guðmundsdóttir
 Olga Björk Ólafsdóttir
 Bryndís Pálsdóttir
 Margrét Kristjánsdóttir
 Lin Wei
 Sigríður Hrafnkeisdóttir

2. FIDLA

Gunnbildur Daðadóttir
 Roland Hartwell
 Christian Diethard
 Greta Guðnadóttir
 Ólöf Þorvarðsdóttir
 Joanna Bauer
 Greta Salome Stefánsdóttir
 Sigurlaug Eðvaldsdóttir
 Margrét Þorsteinsdóttir
 Þórdís Stross
 Helga Þóra Björgvinsdóttir
 Kristján Matthíasson

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
 Svava Bernharðsdóttir
 Móeiður Anna Sigurðardóttir
 Guðrún Þórarinsdóttir
 Guðrún Hrunn Harðardóttir
 Herdís Anna Jónsdóttir
 Jónína Auður Hilmarsdóttir
 Katbryn Harrison
 Þórarinn Már Baldursson
 Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
 Margrét Árnadóttir
 Bryndís Björgvinsdóttir
 Hrafnkell Orri Egilsson
 Sigurður Bjarki Gunnarsson
 Júlía Mogensen
 Lovísa Fjeldsted
 Auður Ingvadóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
 Páll Hannesson
 Dean Ferrell
 Jóhannes Georgsson
 Richard Korn
 Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
 Ásbildur Haraldsdóttir
 Martial Nardeau

ÓBÓ

Peter Tompkins
 Eydís Franzdóttir
 Össur Ingi Jónsson

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
 Einar Jóhannesson
 Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
 Kristín Mjöll Jakobsdóttir
 Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
 Emil Friðfinnsson
 Stefán Jón Bernharðsson
 Þorkell Jónsson
 Lilja Valdímarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
 Einar Jónsson
 Eiríkur Örn Pálsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
 Oddur Björnsson
 Dauid Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Elisabet Waage

PIÁNÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

ÞÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
 Arni Askelsson
 Pétur Grétarss

#tectonics

TECTONICS

Miðasala í anddyri **Hörpu**
og á **sinfonia.is** og **harpa.is**

Í samstarfi við:



HARPA

Með stuðningi:



Reykjavíkurborg